

Auður Sif Sigurgeirsdóttir



Kæru félagar HRFÍ.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir heiti ég og gef kost á mér til endurkjörs í aðalstjórn HRFÍ.

Ég hef setið í aðalstjórn félagsins síðastliðin tvö ár en einnig sat ég ýmist í aðal- eða varastjórn félagsins árin 2009-2013. Ég tel mig hafa mikla og góða reynslu af stjórnarstörfum og hef unnið með fjölbreyttum og góðum hópum fólks í gegnum árin. Starfið hefur verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt en stundum líka erfitt og krefjandi.

Ástæður þess að ég gef kost á mér til endurkjörs í aðalstjórn félagsins eru margar. Sitjandi stjórn er skipuð sjö ólíkum einstaklingum með mismunandi bakgrunn í hundasportinu og hefur samstarfið að mínu mati verið virkilega gott og gefandi. Mig langar að halda áfram að vinna að góðum málum í þágu félagsins og hundaeigenda og leggja mitt af mörkum við að koma hundamenningunni á enn betri stað í samfélaginu.

Ég er stoltur og dyggur félagsmaður í Hundaræktarfélagi Íslands og hef frá unga aldri starfað fyrir félagið á ýmsan hátt. Í dag er ég viðurkenndur sýningadómari HRFÍ og FCI.

Ég er svo heppin að hafa fengið tækifæri á að vera í kringum hunda nánast alla mína ævi en þegar ég var fimm ára gömul fékk fjölskyldan sinn fyrsta hund sem var tík af tegundinni Labrador retriever. Eftir það mætti segja að fjölskyldan hafi farið á bólakaf „í hundana“. Foreldrar mínir hafa ræktað Labrador retriever og Tíbet spaniel í meira en 20 ár undir ræktunarnafninu Tíbráar Tinda. Í dag eigum við sambýlismaður minn þrjá hunda; tvo Schäfer-rakka og eina tík af tegundinni Afghan hound.

Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á öllu sem við kemur hundum. Á unglingsárunum áttum við vinkonurnar frumkvæði að stofnun Unglingadeildar HRFÍ sem er þekkt í dag undir nafninu Ungmennadeild HRFÍ og heldur utan um barna- og ungmennastarf félagsins. Ég er gríðarlega stolt af

Því starfi sem unnið hefur verið í deildinni enda er unga fólkið framtíð félagsins og mikilvægt að leggja rækt við og styðja það í sportinu. Ég var formaður deildarinnar í mörg ár og sit nú í stjórn hennar.

Andinn í félaginu er góður og er ég full tilhlökkunar að vinna gott starf ef félagsmenn treysta mér til þess. Að mínu mati þarf manneskja, sem býður sig fram í stjórn HRFÍ, að vera víðsýn, heiðarleg, með góða samskiptahæfni og, síðast en ekki síst, vilja vinna fyrir alla félagsmenn innan alls þess sem félagið stendur fyrir. Félagið hefur upp á svo margt að bjóða og tel ég afar mikilvægt að hlúa að öllum þáttum starfsins og muna að félagið er „félag allra hundaeigenda“. Við megum ekki gleyma því að við, félagsmenn, erum félagið og þess vegna verðum við að vinna saman að þessu markmiði svo félagið nái að vaxa og dafna í takt við aukna hundaeign landsmanna.

Í lögum HRFÍ kemur fram að aðalmarkmið félagsins séu að beita sér fyrir hreinræktun hunda, varðveita, hreinrækta og kynbæta íslenska fjárhundinn, stuðla að réttri meðferð og aðbúnaði hunda og síðast en ekki síst, stuðla að góðum samskiptum milli hundaeigenda, yfirvalda og almennings.

Að mínu mati gengur okkur almennt vel að vinna að þessum markmiðum en við getum alltaf gert betur. Hundamenningu er því miður ábótavant á Íslandi þó undanfarið hafi ýmislegt jákvætt átt sér stað sem lyftir hundamenningunni á hærra plan. Má þar nefna tilraunaverkefni Strætó sem HRFÍ tók þátt í að koma á laggirnar. Nýjustu fregnir herma að verkefnið gangi mjög vel og því er ég vongóð um að það leiði til þess að hundar verði almennt velkomnir í almenningsvögnum á öllum tímum dagsins. Framtíðarsýn mín er sú að Íslendingar geti sinnt daglegum erindum með hundunum sínum óáreittir. Erlendis þykir ekkert sjálfsagðara en að hundur fylgi eiganda sínum hvert sem hann þarf að fara og hvers vegna ætti það að vera öðruvísi hér á landi? Ég tel að viðmót landans gagnvart hundum og eigendum þeirra sé almennt betra í dag og þess vegna er góður jarðvegur til þess að vinna að þessum málum í samstarfi við yfirvöld. Það er mín von að innan nokkurra ára verði hundar leyfðir nánast alls staðar og að hundaeigendur geti lifað í sátt og samlyndi við aðra borgara og landsmenn.

Þau eru fjölmörg störfin sem stjórn þarf að takast á við næstu misserin og nú höfum við félagsmenn beðið eftir að geta tekið í gagnið öflugra tölvukerfi/gagnagrunn og er verið að vinna að því í samstarfi við danska hundaræktarfélagið. Einnig er vinna við húsnæðismál félagsins í fullum gangi og skýrist vonandi á næstunni hver næstu skref verða. Ég vona innilega að ný stjórn fái tækifæri og tíma til að vinna að stóru málunum sem koma öllum félagsmönnum og hundaeigendum við. Þess vegna er von mín sú að deildir félagsins verði enn öflugri að vinna saman í sátt og samlyndi að málum sem við koma ákveðnum hundategundum eða starfi innan félagsins.

Í almennu félagi sem okkar þá alltaf ærin störf sem þarf að vinna. Þegar á hólminn er komið er samt alltaf mikilvægastur viljinn að leggja af mörkum til félagsins. Ef þið, félagsmenn, treystið mér er ég reiðubúin að vinna áfram með ykkur að því að gera félagið okkar enn öflugra og sterkara.

Kær kveðja,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

